

Ed.

788. Frumvarp

til laga um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Skýlt er hverjum manni að láta af hendi nauðsynlegt land undir nýjan kirkjugarð í Reykjavík, gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands ákveður í samráði við biskup, eftir tillögum sóknarnefndar, hve nær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið og hve mikið.

Ef ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka undir nýjan kirkjugarð, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal taka tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.

Til þess að kaupa land undir kirkjugarðinn heimilast stjórninni að verja alt að 10,000 kr.

3. gr.

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugörðum Reykjavíkur, 2 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, en 4 krónur fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, þá skal greiða 8 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður tryggja sjer grafreit til frambúðar, meðan kirkjugarðurinn stendur, og skal þá greiða 16 kr. fyrir hvern legstað.

Legkaupið rennur í sjóð Reykjavíkurdómkirkju.